

4
3. apríl

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin „nema síldartunnum og kjöttunnum og til-sniðnu efni í þær“ falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað staflidanna a., b. og c. komi:

a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.

b. Af kolum 2 kr. af hverri smálest.

c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málgr. 1. gr. „síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni“ falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.